



Fundargerð

31. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga bs. Kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 3. Júní 2025 og hófst kl. 8:15

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Gestur Kristjánsson, Sandra Sigurðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Kjartan Björnsson og Ingibjörg Garðarsdóttir.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

2. Fundargerð vorfundar HÁ 2025, yfirferð

Framkvæmdastjórn fór yfir fundargerð vorfundar sem haldinn var í Hveragerði 28. apríl sl. og þau verkefni sem stjórninni var falið að vinna áfram.

3. Stjórnskipulag HÁ, samþykktir safnanna

Vinnufundur með Steinunni Erlu Kolbeinsdóttur frá Lögmönnum Suðurlands verður haldinn þann 11. júní í fundaraðstöðu SASS þar sem lagt er upp með að ljúka vinnu á samþykktum fyrir söfn HÁ. Samþykktirnar verða lagðar fram til seinni umræðu á haustfundi HÁ.

4. Bréf frá Sveitarfélaginu Árborg dags. 30. maí 2025

Fyrir fundinn lá bréf frá Sveitarfélaginu Árborg þar sem óskað eftir samtali vegna afsal á svokölluðu "Sýslumannstúni" á Selfossi. Framkvæmdarstjórn mun vinna málið áfram og tekur jákvætt í samtal við Árborg. Samþykkt var að veita sveitarfélaginu heimild að setja niður bekk, áningarborð og fleira til afþreyinga á lóðinni. Framkvæmdarstjórn óskar eftir því að Árborg haldi áfram að sinna lóðinni líkt og undanfarin ár með garðslætti ofl.

5. Bréf frá Sambandi sunnlenskra kvenna dags. 6. maí 2025

Bréf frá Sambandi sunnlenskra kvenna lagt fram til kynninga.

6. Bréf frá Svæðisstjórnar björgunarsveita á svæði 3 dags. 9. maí 2025

Bréf frá Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 3 lagt fram til kynninga.

7. Önnur mál

Engin mál undir þessum lið

Fundi slitið kl. 8:56

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson

Kjartan Björnsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sandra Sigurðardóttir

Gestur Þór Kristjánsson

Ingibjörg Garðarsdóttir